

FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

135. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings haldinn miðvikudaginn 4. nóvember 2015 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður, Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður

Þórarinn Óli Rafnsson boðaði forföll.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Formaður setti fund.

Dagskrá:

1. 1511007 Skýrsla búfjárefntirlitsmanns Húnaþings vestra
2. Vetrarveiði á ref.
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. **1511007** Ingvar Jóhannsson búfjárefntirlitsmaður Húnaþings vestra gefur yfirlit yfir störf sín á árinu. Nokkuð er um sauðfé og hross á vegum, sérstaklega í Hrútafirði. Í einhverjum tilfellum hefur viðhaldi girðinga verið ábótavant en einnig hefur gleymst að loka hliðum. Formanni falið að fá Guðmund Sigurðsson frá Vegagerðinni á næsta fund nefndarinnar til að ræða stöðu á viðhaldi girðinga.
2. **Vetrarveiði á ref.** Rætt um hvað skuli greitt fyrir hvern ref þannig að raunverulegur árangur náist. Einnig rætt um að svæðaskiptingu veiðinni. Ákveðið að hafa sama fyrirkomulag og í fyrra eða 8.000 kr. fyrir hvern ref og að svæðin verði 6 (Vatnsnes, Vesturhóp, Miðfjörður, Víðidalur, Hrútafjörður austan og Hrútafjörður vestan). Greitt verður að hámarki fyrir 17 dýr á hverju svæði.
Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra að auglýsa eftir umsóknum frá aðilum sem áhuga hafa á að stunda vetrarveiði á ref, með umsóknarfrest til 27. nóvember nk.

3. Önnur mál.

- a. 1509120 Eigendastefna fyrir þjóðlendur, verkefnalýsing.
Landbúnaðarráð Húnaþings vestra tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefnalýsingu eigendastefnu fyrir þjóðlendur dags. 9. október 2015. Landbúnaðarráð leggur sérstaka áherslu á að fyrirhuguð stefna endurspegli vilja ríkisins til þess að eiga gott samráð við viðkomandi sveitarstjórnir. Þetta á ekki aðeins við um ákvarðanir sem lúta að leyfisveitingum heldur einnig ákvörðunum um aðgengi að einstökum svæðum, mögulega gjaldtöku fyrir nýtingu o.s.frv.

Þá áréttar Landbúnaðarráð Húnaþings vestra, hvað varðar hlunnindi, að um leyfi til nýtingar á grundvelli laga nr. 58/1998 sé að ræða. Leyfisveitingar samkvæmt skipulagslögum og mannvirkjalögum verði eftir sem áður á hendi

sveitarstjórna þannig að breytingin hafi engin áhrif á skipulagsvald sveitarfélaga.

Að auki leggur Húnaþing vestra áherslu á að ríkið taki landeigandahlutverk sitt alvarlega og uppfylli þær kröfur sem á landeigendur eru settar s.s. viðhald/uppsetning girðinga og viðhald vega/vegslóða. Með það meðal annars í huga að koma í veg fyrir utanvega akstur og sinna sauðfjárveikivörnum.

Næsti fundur landbúnaðarráðs verður miðvikudaginn 2. desember kl 13:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:33

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Guðrún Ragnarsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Matthildur Hjálmarsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir